

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar um varnarliðið á Keflavíkurflugvelli.

Varðandi 1.–3. tölul. er rétt að taka fram að einvörðungu eru fyrirbyggjandi upplýsingar frá árinu 1992. Tölurnar miðast við desember hvers árs en fyrir árið 2004 er miðað við mars.

1. *Hversu margir hermenn eru nú á vegum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli og hversu margir voru þeir á árunum 1990–2003, sundurliðað eftir árum?*

1992	3.004	1999	1.946
1993	2.864	2000	1.857
1994	2.522	2001	1.836
1995	2.058	2002	1.911
1996	2.020	2003	1.895
1997	1.893	2004	1.882
1998	1.837		

2. *Hversu margir almennir borgarar, þ.e. ekki hermenn, dvelja nú á Keflavíkurflugvelli á vegum Bandaríkjahers og hversu margir voru þeir á árunum 1990–2003, sundurliðað eftir árum?*

1992	2.596	1999	2.098
1993	2.860	2000	2.088
1994	2.712	2001	2.012
1995	2.525	2002	2.149
1996	2.408	2003	2.279
1997	2.186	2004	2.293
1998	1.940		

3. *Hversu margir Íslendingar starfa nú hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og hversu margir voru þeir á árunum 1990–2003, sundurliðað eftir árum?*

1992	940	1999	851
1993	910	2000	853
1994	899	2001	889
1995	884	2002	905
1996	886	2003	883
1997	852	2004	791
1998	859		

4. *Er ráðherra kunnugt um áætlanir um fjölda hermanna, almennra bandarískra borgara og íslenskra starfsmanna á næstu þremur árum?*

Nei, það mun ráðast af yfirstandandi viðræðum um endurskoðun samkomulags milli Íslands og Bandaríkjanna um framkvæmd varnarsamstarfs á milli ríkjanna frá árinu 1996.